

BORGARRÁÐ 11.8.2016: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks um bættar leiðir milli Grafarholts og Úlfarsárdals fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur - R16080043

Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks:

Í tengslum við byggingarframkvæmdir við skóla í Úlfarsárdal hafa tengingar göngu- og hjólreiðastíga milli Úlfarsárdals og Grafarholts færst úr lagi og jafnvel lokast. Slíkt er bagalegt enda er ekki gert ráð fyrir gangandi vegfarendum á nýrri brú yfir Úlfarsá eins og kunnugt er. Borgarráð beinir því til umhverfis- og skipulagssviðs að sem fyrst verði bætt úr þessu og góð leið tryggð milli þessara hverfa í þágu gangandi og hjólandi vegfarenda.



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík, 1. september 2016
USK2016080019
5.4

Málsnr.: 216080043
Skjalasafn Ráðhúss
05. sep. 2016
Bréfalykill: 6113

Borgarráð

Tilvísun í mál R16080043 - Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks um bættar leiðir milli Grafarholts og Úlfarsárdals fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur.

Á fundi borgarráðs 11. ágúst var lögð fram svohljóðandi tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks:

"Í tengslum við byggingarframkvæmdir við skóla í Úlfarsárdal hafa tengingar göngu- og hjólréiðastíga milli Úlfarsárdals og Grafarholts færst úr lagi og jafnvel lokast. Slikt er bagalegt enda er ekki gert ráð fyrir gangandi vegfarendum á nýrri brú yfir Úlfarsá eins og kunnugt er. Borgarráð beinir því til umhverfis- og skipulagssviðs að sem fyrst verði bætt úr þessu og góð leið tryggð milli þessara hverfa í þágu gangandi og hjólandi vegfarenda."

Umsögn umhverfis- og skipulagssviðs:

Vegna framkvæmda við nýjan skóla í Úlfarsárdal hefur þurft að leggja af hluta af stígakerfi dalsins næst skólanum. Nú standa yfir framkvæmdir við nýjan göngu- og hjólastíg sem liggur frá Fellsvegi um íþróttasvæði Fram og að Dalskóla. Samhliða stígaframkvæmdum er gerð göngu- og hjólabrú yfir Úlfarsá. Þessir nýju stígar munu bæta stígatengsl milli aðliggjandi íbúðahverfa og tengsl þeirra við íþróttasvæði Fram.

Meðfylgjandi skýringaruppdráttur sýnir nánar legu og fyrirkomulag stíganna. Reiknað er með að þessum framkvæmdum ljúki í heild sinni í lok október nk.

Ámundi Brynjólfsson,
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds

Hjálagt:
Skýringaruppdráttur

